

Dags. 30.10.2019

## Umsögn um drög að fimm ára aðgerðaráætlun 2020-2024.

Undirritaðir fagna að lokið verði uppbyggingu á Axarvegi eins og stefnt er að í fyrirbyggjandi áætlun á árunum 2020 – 2024. Um er að ræða gríðalega jákvæða samgöngubót bæði innan svæðis sem og milli landshluta. Óþarft er að rekja nánar endurteknar áherslur sveitarfélaga og landshlutasamtaka SSA um mikilvægi Axarvegjar. Nýafstaðnar kosningar um sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi kalla enn frekar á að hvergi verði hvikað frá verkefninu enda samfélagsleg áhrif þessara framkvæmda mjög jákvæð fyrir allt svæðið. Undirritaðir vilja taka fram að við erum ekki mótfallnir hóflegu veggjaldi verði það lagt á að loknum framkvæmdum.

Þegar litið er til samgönguáætlunar 2020-2024 sem liggur fyrir til umsagnar getur að líta svohljóðandi texta undir Axarvegi í töflu sem telja má ónákvæman. Ljóst má vera að ekki er hægt að horfa til þess að leggja fram jafn stórt og mikilvægt verkefni nema skýrar sé kveðið á. Tillaga okkar er þess vegna að eftirfarandi texti falli brott „**\*\*\*\*Leitað verði leiða til að fjármagna Axarveg og Hringveg um Hornarfjarðarfljót í samstarfi við einkaaðila (50%)**“.

Svo framangreint orðalag í texta sé ekki mistúlkað er lagt til að stað þess komi eftirfarandi skýringartexti við Axarveg má neðanmáls undir töflu: „**\*\*\*\*Fjármögnun Axarvegjar og Hornarfjarðarfljóts verði tryggð að fullu með lántöku af hálfu Vegagerðar og/eða verkið verði unnið að hluta (50%) í samstarfi við einkaaðila sé sá kostur fyrir hendi. Að loknum framkvæmdum verði lagt á hæfilegt veggjald til uppgreiðslu framkvæmda**“.

*F.h.Axarvinafélagsins  
Andrés Skúlason Djúpavogi  
Jónas Hallgrímsson Fljótsdalshéraði*